

Leiðbeiningar við skráningu fullorðinna í CPEF


Við fyrstu skráningu, er spurningum þar sem stendur „frá síðasta mati ”, svarað með tilliti til ástands s.l. árs.

Blaðsíða 1 í prófhefti

Undirflokkar CP

Undirflokkar CP eru flokkaðir eftir taugaeinkennum sem *spastísk unilateral*, *spastísk bilateral*, *dyskinetísk*, *ataktísk* eða *óflokknanlegt/blandað form*. Einkennum þessum er lýst á upplýsingamynddiski frá SCPE og er hann í vörslu G.E. á Æfingastöð. Gefið upp undirflokkar sem hafa verið staðfestir af taugalækni.

Beslutsträd för diagnosen cerebral pares (CP)



Version för CPUP, baserad på SCPE 2000 och Rosenbaum et al 2007/LW 2014

Bls. 1 í prófhefti

GMFCS Grófhreyfifærnisflokkun í samræmi við íslenska þýðingu Bjargar Guðjónsdóttur á Grófhreyfifærnisflokkun, útvíkuð og endurskoðuð útgáfa (GMFCS-E&R).

Takið eftir að ný útgáfa nær yfir öll aldursbil fram að 18 ára. Það er nauðsynlegt að fylla út grófhreyfifærnisflokkun við hverja skráningu

Hér kemur þýddur texti Bjargar með hennar leyfi:

Kynning og leiðbeiningar um notkun

Gross Motor Function Classification System (GMFCS); flokkun á grófhreyfingum einstaklinga með CP byggist á virkum hreyfingum þeirra og er lögð sérstök áhersla á setstöðu, færslu úr einni stöðu í aðra og á milli staða. Þegar fimm flokka kerfi var skilgreint var aðalviðmiðunin sú að munur á milli flokka hefði einhverja þýðingu í daglegu lífi. Aðgreining milli flokka ræðst af því hve mikil skerðing er til athafna og þörf einstaklinganna fyrir gönguhjálpartæki sem börnin styðja sig við (t.d. göngugrindur, hækjur eða stafi) og farartæki á hjólum. Einnig ræðst aðgreiningin af gæðum hreyfinga en aðeins að mjög litlu leyti. Munur á milli flokka I og II er ekki eins áberandi og munur á milli annarra flokka, sérstaklega hjá börnum yngri en tveggja ára.

Aukin útgáfa af flokkuninni (2007) inniheldur aldursbil fyrir börn og unglinga 12-18 ára og lögð er áhersla á hugmyndir sem flokkun á færni, fötlun og heilsu (International Classification of Functioning and Health (ICF) frá WHO) inniheldur. Við hvetjum notendur til að vera meðvitaðir um þeir áhrif sem **umhverfis-** og **persónubundnir þættir** geta haft á hvað börn sjást gera eða eru sögð gera. Megintilgangur með flokkun á grófhreyfifærni er að finna út hvaða flokkur á best við **núverandi getu og skerðingu (limitations) í grófhreyfingum**. Áhersla er lögð á venjubundna **frammistöðu** einstaklinganna heima, í skóla og úti í samfélaginu (þ.e.hvað þeir gera), fremur en það sem er vitað að þeir geta gert þegar þeir eru í sínu besta formi (hvað þeir geta).

Það er mikilvægt að flokka núverandi frammistöðu í grófhreyfifærni og forðast að taka mat á gæðum hreyfinga eða horfum á framförum inn í myndina.

Skilgreiningar

Göngugrind sem veitir bolstuðning – Göngugrind sem styður við mjaðmagrind og bol.

Einstaklingur/unglingur er settur í göngugrind (af öðrum).

Gönguhjálpartæki til að styðja sig við – Stafir, hækjur, framlægar og/eða baklægar göngugrindur sem styðja ekki við bol við göngu.

Líkamleg aðstoð – Önnur persóna veitir einstaklingi aðstoð við að hreyfa sig.

Rafknúíð farartæki – Einstaklingur/unglingur stýrir sjálfur stýripinna eða straumrofa sem gerir færslu á milli staða mögulega. Farartækið getur verið hjólastóll, rafskutla eða önnur gerð af rafknúnu farartæki.

Handknúinn hjólastóll – Einstaklingur/unglingur notar handleggi og hendur eða fætur til að koma hjólastólnum áfram.

Hjólastól er ekið af aðstoðarmanni – Aðstoðarmaður ýtir farartæki (t.d. hjólastól eða kerru) til að koma einstaklingi/unglingi frá einum stað til annars.

Gengur – Engin stuðningur eða aðstoð er veitt af aðstoðarmanni né gönguhjálpartæki, nema annað sé tekið fram. Einstaklingur má hafa spelku.

Farartæki á hjólum – Vísar til hvers konar farartækja á hjólum sem leyfa hreyfingu (t.d. kerra, handknúinn hjólastóll eða rafmagnshjólastóll).

Almennar fyrirsagnir fyrir hvern flokk

Flokkur I - Gengur án erfiðleika

Flokkur II - Gengur en göngugeta er skert

Flokkur III - Gengur með því að styðja sig við gönguhjálpartæki

Flokkur IV - Á erfitt með að komast um sjálfur, notar hugsanlega rafknúíð farartæki

Flokkur V - Aðstoðarmaður ekur einstaklingi í hjólastól á milli staða

Flokkur I: Einstaklingur gengur án aðstoðar, heima, í skóla, utandyra og úti í samfélaginu. Hann getur farið upp og niður gangstéttarbrúnir án stuðnings og gengið í stiga án þess að nota handrið. Einstaklingur framkvæmir grófhreyfiathafnir, eins og hlaup og hopp, en nokkuð vantar upp á hraða, jafnvægi og samhæfingu hreyfinga. Hann getur hugsanlega tekið þátt í líkamsrækt og íþróttum en það fer eftir hans eigin vali og umhverfisaðstæðum.

Flokkur II: Einstaklingur gengur við flestar aðstæður. Umhverfispættir (s.s. ójöfnur, hallar, langar vegalengdir, kröfur um tímamörk, veðurfar og viðurkenning félaganna) og persónulegt val hans hefur áhrif á hvaða aðferð hann notar til að komast um. Hann getur til öryggis stutt sig við gönguhjálpartæki í skólanum eða vinnu. Einstaklingur notar hugsanlega farartæki á hjólum utandyra og úti í samfélaginu þegar hann fer langar vegalengdir. Hann gengur stiga með því að halda sér í handrið eða með líkamlegri aðstoð ef ekki er handrið til staðar. Skert færni í grófhreyfingum getur valdið því að það þarf aðlögun til að hann geti tekið þátt í líkamsrækt og íþróttum.

Flokkur III: Einstaklingur getur gengið með því að styðja sig við gönguhjálpartæki. Þegar einstaklingur í flokki III er borinn saman við einstakling í öðrum flokkum sýnir hann meiri breytileika í aðferðum við að komast um, sem ræðst af hreyfingu, umhverfisaðstæðum og persónubundnum þáttum. Þegar hann situr þarf hann hugsanlega belti til að fá góða stöðu á mjaðmagrind og halda jafnvægi. Hann þarf líkamlega aðstoð eða að styðja sig sjálfur við þegar hann stendur upp úr stól eða upp af gólfi. Einstaklingur notar hugsanlega handknúinn hjólastól eða rafknúð farartæki í skólanum. Utandyra og úti í samfélaginu er honum ekið í hjólastól eða notar rafknúð farartæki. Hann getur hugsanlega gengið upp og niður stiga með því að styðja sig við handrið, með leiðbeiningum eða líkamlegri aðstoð. Skert göngugeta getur valdið því að það þarf aðlögun til að hann geti tekið þátt í líkamsrækt og íþróttum. Aðlögunin getur falið í sér handknúinn hjólastól eða rafknúð farartæki.

Flokkur IV: Einstaklingur notar farartæki á hjólum til að komast um við flestar aðstæður. Hann þarf aðlagð sæti fyrir mjaðmargrindar- og bolstjórn. Líkamleg aðstoð frá einum eða tveimur aðstoðarmönnum er nauðsynleg til að færa hann á milli staða. Einstaklingur getur hugsanlega tekið þunga á fætur til að aðstoða við færslu frá einni uppréttri stöðu í aðra. Innandyra getur einstaklingur hugsanlega gengið stuttar vegalengdir með líkamlegri aðstoð eða notað farartæki á hjólum eða tekið skref ef hann er settur í göngugrind sem veitir bolstuðning. Einstaklingur er líkamlega fær um að stjórna rafmagnshjólastól. Þegar rafmagnshjólastóll hentar ekki eða fæst ekki ekur aðstoðarmaður honum í hjólastól á milli staða. Skert geta til að komast um veldur því að það þarf aðlögun til að hann geti tekið þátt í líkamsrækt og íþróttum. Aðlögunin getur falið í sér handknúinn hjólastól eða rafknúð farartæki.

Flokkur V: Aðstoðarmaður ekur einstaklingi í hjólastól um allt. Hann hefur takmarkaða getu til að halda höfði og bol uppi á móti þyngdaraflinu og stjórna hreyfingum handleggja og fóta. Tæknileg hjálpartæki eru notuð til að bæta stöðu á höfði, setstöðu, standandi stöðu og/eða getu til að komast um en ná ekki að bæta upp skerta getu hans að fullu. Það þarf einn eða tvo aðstoðarmenn eða lyftara til að færa einstaklinginn úr einni stöðu í aðra. Hann getur hugsanlega náð að koma sér um sjálfur með því að nota rafknúð farartæki þar sem sæti og stjórnartæki hafa verið löguð að honum. Skert geta til að komast um veldur því að það þarf aðlögun til að hann geti tekið þátt í líkamsrækt og íþróttum. Aðlögunin getur falið í sér handknúinn hjólastól eða rafknúð farartæki.

Aðgreining milli flokka

Aðgreining milli flokka I og II

Einstaklingar í flokki II eiga erfiðara en einstaklingar í flokki I með að ganga langar vegalengdir og halda jafnvægi. Einstaklingar í flokki II geta þurft gönguhjálpartæki til að styðja sig við þegar þeir byrja að læra að ganga. Þeir geta þurft að nota farartæki á hjólum þegar þeir fara langar vegalengdir utandyra og úti í samfélaginu. Þeir þurfa að styðja sig við handrið þegar þeir fara upp og niður stiga. Þeir geta ekki hlaupið eða stokkið eins vel og einstaklingar í flokki I.

Aðgreining milli flokka II og III

Einstaklingar í flokki II ganga án gönguhjálpartækja (þó þeir geti valið að nota þeir stundum). Einstaklingar í flokki III þurfa gönguhjálpartæki til að styðja sig við til að geta gengið innandyra og nota farartæki á hjólum utandyra og úti í samfélaginu.

Aðgreining milli flokka III og IV

Einstaklingar í flokki III sitja óstuddir eða þurfa lágmarks ytri stuðning til að sitja, taka meiri þátt í að færa sig til í standandi stöðu og ganga með gönguhjálpartæki sem þeir styðja sig við. Einstaklingar í flokki IV sitja (venjulega með stuðningi) en getan til að komast um sjálfir er afar takmörkuð. Það er líklegra að einstaklingunum í flokki IV sé ekið um í hjólastól af aðstoðarmanni eða noti rafknúð farartæki.

Aðgreining milli flokka IV og V

Einstaklingar í flokki V hafa lélega höfðuð- og bolstjórn og þurfa fjölda af hjálpartækjum og mikla líkamlega aðstoð. Einstaklingarnir koma sér einungis sjálfir á milli ef þeir geta lært að nota rafmagnshjólastól.

Í þessum leiðbeiningum hefur orðunum “börn og unglingar” verið skipt út fyrir “einstaklingar” þar sem það á betur við um þann hóp sem hér um ræðir.

Heimildir:

© Björg Guðjónsdóttir, 2008, Háskóli Íslands, Námsbraut
í sjúkraþjálfun, Rannsóknarstofa í hreyfivísindum.
Bakþýðing yfir á ensku: Sigrún Jóhannsdóttir.

CanChild Centre for Childhood Disability Research
Institute for Applied Health Sciences, McMaster University
1400 Main Street West, Room 408, Hamilton, ON, Canada, L8S, 1C7
Tel: 905-525-9140 ext.27850 Fax: 905-522-6095
E-mail: canchild@mcmaster.ca website: www.canchild.ca




MACS (Manual Ability Classification System), flokkun á fínhyrfifærni

Manual Ability Classification System er flokkunarkerfi notað til að flokka fínhyrfifærni einstaklingar með CP.

Merkið í viðeigandi reit þann flokk sem einstaklingurinn tilheyrir í samræmi við íslenskar leiðbeiningar sem fylgja. Hægt er að nálgast leiðbeiningar á heimasíðu MACS flokkunarkerfisins www.macs.nu.

MacS lýsir hvernig einstaklingurinn notar að jafnaði hendur sínar til að handleika hluti heima, í skólanum og úti í samfélaginu heldur en þeir geta best. Til að afla sér upplýsinga um hvernig einstaklingurinn handleikur mismunandi hluti er nauðsynlegt að spyrja þá sem þekkja einstaklinginn best, ekki með prófunum.

Með MACS er ekki flokkuð hvor hönd fyrir sig heldur geta einstaklingsins til að handleikur hluti.





Til að nota MACS þarftu að vita:

Hverjig barnið handleikur hluti við mikilvægar athafnir daglegrar lífu í leik, tómstundum, við borðhald og klæðnað.

I hvaða aðstæðum barnið er sjálfjarga og að hvaða marki það þarf aðstoð og/eða aðlögun.

I. Handleikur hluti auðveldlega með góðum árangri. Takmarkanir eru litlar sem engar og hafa í mesta lagi áhrif á framkvæmd verka sem krefjast hráða og nákvæmni. Þær draga ekki úr sjálfstæði barnsins við daglega lífu.

II. Handleikur flesta hluti en með takmörkuðum gæðum og/eða hráða. Barnið forðast hugsanlega ákveðnar athafnir eða getur aðeins framkvæmt þær með erfðismunum. Það getur notað mismunandi aðferðir en hæfni til að nota hendur markar venjulega ekki sjálfstæði barnsins við daglega lífu.

III. Handleikur hluti með erfðismunum og þarf hjálp við undirbúning eða aðlögun verka.

Framkvæmd verksins gengur hægt hjá barninu og með takmörkuðum árangri þegar horft er til gæða og afkast. Verk sem hafa verið undirbúin og aðlöguð eru framkvæmd án aðstoðar.

IV. Handleikur fáa og auðveldla hluti í aðlöguðum aðstæðum.

Barnið framkvæmir hluta af verkum en með erfðismunum og takmörkuðum árangri. Barnið þarf stöðuga aðstoð og /eða hjálpartæki til að framkvæma jafnvel hluta af verki.

V. Handleikur ekki hluti og hefur verulega skerta getu til að framkvæma jafnvel einföldustu verkþætti.

Barnið er algjörlega háð aðstoð.

Munur á flokki I og II

Barn í flokki I hefur hugsanlega takmarkaða getu til að handleika mjög litla, þunga eða brothætta hluti sem krefjast góðrar fínhreyfistjórnunar og samhæfingar handa. Takmarkanir geta líka komið fram við nýjar óþekktar aðstæður. Barn í flokki II framkvæmir í flestum tilfellum sömu verk og barn í flokki I, en gæði framkvæmdar er slakan eða verkið tekur lengri tíma. Mismunandi færni handa getur takmarkað árangur. Barn í flokki II reynir oft að einfalda sér hlutina með því til dæmis að nota borð eða bringu til stuðnings í stað þess að nota báðar hendur.

Munur á flokki II og III

Barn í flokki II handleikur flesta hluti þó að framkvæmdin gangi hægt og gæðum sé ábótavant. Barn í flokki III þarf aðstoð við að undirbúa verk og/eða aðlaga umhverfið þar sem færni til að ná í og handleika hluti er takmörkuð. Það getur ekki framkvæmt ákveðin verk og sjálfstæði þess er háð því hversu mikinn stuðning það fær.

Munur á flokki III og IV

Barn í flokki III getur framkvæmt sérválin verk ef aðstæður eru undirbúnaðar og það fær leiðsögn og nægan tíma. Barn í flokki IV þarf stöðuga aðstoð og getur í besta falli tekið þátt í verki að hluta til.

Munur á flokki IV og V

Barn í flokki IV framkvæmir hluta verks en þarf stöðuga aðstoð. Barn í flokki V tekur í besta falli þátt með einföldum hreyfingum við sérstakar aðstæður til dæmis að ýta á einfaldan rofa.

Bls. 2 í prófhefti

CFCS I-V, flokkun á tjáskiptum

Communication Function Classification System (CFCS) är en klassifikation av kommunikation för personer med cerebral pares.

Syftet med CFCS är att hos en person med cerebral pares klassificera förmågan att kommunicera i vardagen i en av fem nivåer. Kommunikationsförmågan skall baseras på hur de vanliga deltar i vardagliga situationer som kräver kommunikation, snarare än deras bästa kapacitet. Dessa vardagliga situationer kan förekomma hemma, i skolan och ute i samhället.

Definitioner

Kommunikation sker när en **sändare** överför ett budskap och en **mottagare** förstår budskapet. En **effektiv kommunikator växlar självständigt mellan att vara sändare och mottagare**, oberoende av kraven i ett samtal, inklusive omgivning (t.ex. ute i samhället, skolan, arbetet, hemmet), samtalspartner eller ämne.

Alla **kommunikationsmetoder** tas hänsyn till vid bestämning av CFCS-nivån. Dessa innefattar användandet av tal, gester, beteenden, ögonpeking, ansiktsuttryck och alternativ och kompletterande kommunikation (AKK). AKK innefattar (men är inte begränsat till) handtecken, bilder, kommunikationskort, kommunikationsböcker och talapparater – ibland kallade talhjälpmedel eller talsyntes.

Skilnader mellan nivåerna baseras på förmågan som **sändare och mottagare, kommunikationstempot och typ av samtalspartner**. Följande definitioner bör hållas i minnet när detta klassifikationssystem används.

Effektiva sändare och mottagare byter snabbt och lätt mellan att sända och förstå budskap. För att tydliggöra eller reparera missförstånd, kan den effektive sändaren och mottagaren använda eller efterfråga strategier, såsom att upprepa, omformulera, förenkla och/eller utveckla meddelandet. För att påskynda kommunikationsutbytet, särskilt vid användning av AKK, kan en effektiv sändare välja att använda grammatiskt mindre korrekta meddelanden genom att utelämna eller förkorta ord med kända samtalspartners.

Ett **bekvämt kommunikationstempo** handlar om hur snabbt och lätt personen kan förstå och förmedla budskap. Vid ett bekvämt kommunikationstempo sker få sammanbrott i kommunikationen och det är lite väntetid mellan kommunikationsturer.

Okända samtalspartners är främlingar eller bekanta som bara ibland kommunicerar med personen.

Kända samtalspartners såsom släktingar, vårdgivare och vänner kan kommunicera mer effektivt med personen på grund av förkunskaper och personlig erfarenhet.

Kryssa i aktuell ruta för den klass personen bedöms tillhöra enligt manual. Manualen kan hämtas på MACS hemsida www.MACS.nu och bifogas denna manual.

CFCS I. Effektiv sändare och mottagare med okända och kända partners.

Personen alternerar självständigt mellan sändar- och mottagarrollen med de flesta personer i de flesta omgivningar. Kommunikationen sker med lätthet och med ett bekvämt tempo med både kända och okända samtalspartners. Missförstånd i kommunikationen repareras snabbt och påverkar inte den övergripande effektiviteten i personens kommunikation.

CFCS II. Effektiv men långsammare sändare och/eller mottagare med okända och/eller kända partners.

Personen alternerar självständigt mellan sändar och mottagarrollen med de flesta personer i de flesta omgivningar, men samtalttempo är långsamt och kan försvåra kommunikationsutbytet. a) Personen kan behöva extra tid för att utforma och förstå budskap b) Personen kan behöva extra tid för att förstå budskap, men är en effektiv sändare av budskap c) Personen kan behöva extra tid för att utforma budskap och/eller reparera missförstånd. Missförstånd i kommunikationen repareras ofta och påverkar inte den slutliga effektiviteten i personens kommunikation med både okända och kända partners. Personen är en effektiv mottagare av budskap.


CFCS III. Effektiv sändare och mottagare med kända partners. Personen alternerar mellan sändar- och mottagarrollerna med kända (men inte okända) partners. Kommunikationen är inte konsekvent effektiv med de flesta okända partners, men är vanligen effektiv med kända partners.

CFCS IV. Inkonsekvent sändare och/eller mottagare med kända partners. Personen alternerar inte konsekvent mellan sändar- och mottagarroll. Denna ojämnhet kan ses hos olika typer av kommunikatörer, inklusive a) en ibland effektiv sändare och mottagare; b) en effektiv sändare men begränsad mottagare; c) begränsad sändare men effektiv mottagare. Kommunikationen är ibland effektiv med kända partners. CPUP vuxen, Manual till undersökningsformulär, version 2015-01-11 6

CFCS V. Sällan effektiv sändare och mottagare ens med kända partners.

Personen är begränsad både som sändare och mottagare. Personens kommunikation är svår för de flesta att förstå. Personen verkar ha begränsad förståelse för budskap från de flesta. Kommunikationen är sällan effektiv ens med kända partners.

Flokkun á tjáskiptum einstaklinga með CP – Communication Function Classification System (CFCS)



Bls. 2 í prófhefti

Virkir liðferlar í efri útlimum.

Starfrænt próf útfært í sitjandi stöðu.

Virk réttthverfing (aktiv supination) er námunduð að næsta hálfu/heila tug, þ.e.a.s. 80,85 og 90 gráður.

Neutralstaða með þumal upp er = 0 gráður og hönd í fullri pronation stöðu er -90°.

ÞUMALL, þumall-í-lófa

Færið þumal (passíft) frá lófa (volarabduktion) og skráið hvort um stirðleika og/eða merki um verki sé að ræða.

Flokkun á þumall-í-lófa eftir House. Metið þegar einstaklingur opnar höndina til að grípa um hlut. Merkið við hvort einstaklingur sé með þumal í lófa eða ekki. Náist ekki samvinna við einstakling, þreifið eftir því hvaða vöðvar eru spenntir/spastískir.

Hér að neðanverðu er flokkun House á þumall-í-lófa

Teg I = Létt aðfærslustaða (adduktion) í CMC-lið. Þumall liggur í aðfærslu (adduktion) að vísifingri. (I. Miðhandarbein (metacarpal) dregið að II.miðhandarbeini (metacarpale) m. adductor pollicis)

Teg II = Aðfærslustaða (adduktion) í CMC-lið og beygju (flexion) staða í MCP-lið. Þumallinn liggur í aðfærslu (adduktion) frá CMC og boginn frá MCP lið inn í lófa. (m. adduktor pollicis + m. flexor pollicis brevis)


Teg III = Aðfærslustaða (adduktion) í CMC-lið ásamt yfirstrekk (hyperextension) og hugsanlegum óstöðugleika í MCP – liðnum og /eða IP liðnum. (eins og áður talið + m. extensor pollicis longus)

Teg IV = Aðfærslustaða (adduktion) í CMC-lið ásamt beygjustöðu (flexion) í MCP- og IP-liðum. Þumallinn er í aðfærslustöðu og beygju í MCP- og IP-liðum. (eins og áður talið + m. flexor pollicis longus)

Heimildir: House J H, et al. A Dynamic Approach to the Thumb-in-Palm Deformity in Cerebral Palsy. *The Journal of Bone and Joint Surgery*, 1981; (February):63-A; 2: 216-225.




Teg I



Teg II



Teg III



Teg IV

Bls. 2 í prófhefti**ZANCOLLI, RÉTTA SAMTÍMIS ÚR ÚLNLIÐ OG FINGRUM**

Þessi flokkun leitast við að meta magn spennu (spasticítet) í beygjuvöðvum úlnliðs og fingra ásamt virkri réttu í úlnlið og fingrum.

Þetta krefst virkrar þátttöku einstaklingsins ein og að „gefa fimmu“ („high five“) eða þegar einstaklingurinn tekur um bolla eða dós fyrir framan sig á borði. Skráð er hvað einstaklingur getur, ekki hvað hann/hún notar mest.

Ef einstaklingur í hóp 1 getur rétt úlnliðinn 20° eða meira, merktu þá í 1+X.

Hópur 1 + X


Getur rétt fyllilega úr fingrum með úlnliðinn í 20°réttu (extension) eða meira. Án skerðingar á hreyfanleika handar. Þetta er skráð saman, þ.e. bæði hópur 1 og X.

Hópur 1

Getur rétt fyllilega úr fingrum með úlnliðinn minna en 20° boginn (flexion)

**Hópur 2 A**

Getur rétt fyllilega úr fingrum en einugnis með úlnliðinn meira en 20° boginn (flexion)
Getur rétt úr úlnliðnum með bogna fingur (flexion).

**Hópur 2 B**

Getur rétt fyllilega úr fingrum en einungis með úlnliðinn meira en 20° boginn (flexion)
Getur ekki rétt úr úlnliðnum.

**Hópur 3**

Getur hvorki rétt úr úlnlið eða fingrum.



Heimildir: Zancolli, E.A & Zancolli, E.R *Surgical management of the hemiplegic spastic hand in cerebralpalsy*, *Surg Clin North Am*, 1981;61: 395-40

Bls. 2 í prófhefti**House, fínhyfifærnflokkun (HOUSE 0-8)**

Grip hvorrar handar fyrir sig er metið með því að fylgjast með athöfnum þar sem krafist er notkunar beggja handa, sjá dæmi um athafnir á bls. 9 hér fyrir neðan. Flokka skal báðar hendur þó einstaklingur geti ekki samhæft hendur. Ákveðið fyrst hvaða **hópur** lýsir best hæfni einstaklingsins til að nota höndina; Notar ekki höndina, Óvirk hönd, Virk hönd eða Notar hönd á virkan hátt/handfjatlar. Gefið síðan upp þann **færnflokk** sem lýsir því best hvernig einstaklingur tekur upp og heldur að jafnaði á hlutum. Ef vafi leikur á er lægri flokkur valinn. Staða úlnliðs getur verið leiðbeinandi um hvort gripið sé óstöðugt. Flokkunin tekur mið af aldurssvarandi fínhyfifærni.

<u>Hópur</u>	<u>Færnflokkun</u>		<u>Lýsing</u>
Notar ekki höndina	0	<i>Does not use</i>	Engin viljastýrð snerting við hlutinn
Óvirk hönd	1	<i>Stabilizes without grasp</i>	Notar höndina/handlegginn án þess að nota grip , t.d. til að styðja við, þrýsta eða ýta á hlut
	2	<i>Fair passive grasp</i>	Heldur um hlut sem settur er í höndina með óstöðugu gripi. Einstaklingið sjálft eða einhver annar setur hlutinn í höndina.
	3	<i>Good passive grasp</i>	Heldur hlut sem settur er í höndina (sjá ofanskráð) og heldur með stöðugu gripi.
Virk hönd	4	<i>Poor active grasp</i>	Grípur sjálft um hlut og heldur um með óstöðugu gripi .
	5	<i>Fair active grasp</i>	Grípur sjálft um hlut og heldur um með stöðugu gripi .
	6	<i>Good active grasp</i>	Grípur sjálft um hlut og heldur um með stöðugu gripi. Breytir oft um stöðu hlutarins með aðstoð hinnar handarinnar eða annars stuðnings.
Notar hönd á virkan hátt / handfjatlar	7	<i>Reduced dexterity</i>	Notar höndina með góðu gripi en með takmarkaðri nákvæmni (ónákvæmni) og klunnalegum hreyfingum.
	8	<i>No limitation</i>	Engar takmarkanir.

Heimildir: House J H, et al. A Dynamic Approach to the Thumb-in-Palm Deformity in Cerebral Palsy. *The Journal of Bone and Joint Surgery*, 1981; 63-A; 2: 216-225. Modifíerad av nationella arbetsgruppen cpup-at 2009.

Budja och Markovska, *Handfunktionsklassifikation enligt House – en prövning av interbedömarreliabilitet och innehållsvaliditet. Kandidatuppsats Arbetsterapeututbildningen Lund 2005.*

Sambeiting handa.

Dæmt út frá því hvort einstaklingur getur notað hendur saman við ákveðna athafnir þar sem þess þarf.

Dæmi um slíkar athafnir:

- Hneppa hnöppum og losa.
- Renna rennilás upp og niður.
- Taka af sér húfu, hatt, trefil, vettlinga, sokka.
- Opna peningaveski með frönskum rennilás /rennilás taka upp peninga og leggja í aftur.
- Setja tannkrem á tannkremstúbu með skrúfuðu loki.

- Draga í sundur tannburstahulstur.
- Kasta og grípa stóra blöðru.
- Bera /lyfta hluti í bala/bakka með tveim handföngum.
- Taka lok af túskpena og setja á aftur.
- Skrúfa lok á sultukrukku.
- Skrúfa af og aftur á ró á sverum bolta.

Bls. 3 í prófhefti

LIGGJANDI HVÍLDAR- OG SVEFNSTAÐA

Gefðu upp hvaða hvíldar- og svefnstöðu einstaklingurinn notar, hjálpartæki í liggjandi (púðar o.fl.) og hversu marga tíma einstaklingurinn liggur á sólarhring.

ÓVIRKIR HREYFIFERLAR

Útgangsstaða er baklega. *Námundið gráðumælingu að næsta hálf/heila tug (0,5,10,15, o.s.frv.).*

Kreppa í lið(extensiondefekt) er skráð sem neikvætt gildi (-5,-10,-15, o.s.frv.). Í sviganum á mæliblaðinu eru grænu gildin fyrir hreyfanleika. **Fyrri talan gildir fyrir GMFCS I-III og sú síðari fyrir GMFCS IV-V**

Óvirkur (passífur) hreyfiferill er metinn með liðmæli (goniometer).

Uppgefnar tölur á skráningareyðublaðinu eru viðmiðunartölur en ekki normalgildi (meðalgeta).

Fylgist með og skráð hvort fram komi við skoðun einhver einkenni um verki frá öxl, olnboga, framhandlegg, úlnlið og við óvirka (passífa) fráferslu (volarabuktun) þumals.


Bls. 3 í prófhefti

ÖXL

Hreyfing	Upphafsstaða baklega	Óhreyfanlegur armur	Hreyfanlegur armur
Fráfærsla (abduktion)	Upphandleggur liggur að brjóstakassa, út-snúningur (utrótation) í öxl og olnbogi beinn	Samsíða hryggsúlu (columna)	samsíða upphandlegg (humerus)
Beygja (flexion)	Eins og að ofan en framhandleggur er í miðstöðu	Eins og að ofan	samsíða upphandlegg (humerus)
Útsnúningur (útrótation)	Öxl er í 90° fráferslu (abduktion), olnbogi í 90° beygju (flexion) og framhandleggur ranghverður (í pronation)	Í lóðréttri framlengingu af ölninni (ulna)	Samsíða ölninni (ulna) sem ásinn fylgir í hreyfingunni
Innsnúningur (innrotation)	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Eins og að ofan

Heimildir: *The American Society of Hand Therapists. Clinical Assessment Recommendations. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992.* *Norkin, C.C, & White, D.J Measurement of Joint Motion. Ed 2. Philadelphia: F.A. Davis, 1985.*


Fráfærsla



Beygja



Innsnúningur



Útsnúningur


OLNBOGI

Hreyfing	Upphafsstaða	Óhreyfanlegur ás	Hreyfanlegur ás
Rétta (extension)	Öxl í aðfærslu (adduktion) framhandleggur rétthverfur (supination)	Lagður hliðlægt (lat), samsíða upphandlegg (humerus)	Lagður hliðlægt (lat), samsíða geislabeini (radius)
Beygja (flexion)	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Eins og að ofan


Beinn olnbogi = 0°. Ef vantar á fulla réttu: Extensionsdefekt gefið upp sem – (mínus) X°

Heimildir: American Society of Hand Therapists. *Clinical Assessment Recommendations*. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992.

Olnbogarétta



Olnbogabeygja




FRAMHANDLEGGUR

Hreyfing	Upphafsstaða baklega	Óhreyfanlegur ás	Hreyfanlegur ás
Réttthverfing (supination)	Öxl í aðfærslu (adduktion) Með upphandlegg skorðaðan að brjótakassa og olnbogi í 90°	Lagður hliðlægt (lat), samsíða upphandlegg (humerus)	Lagður í lófann (volart) yfir úlnlið
Ranghverfing (pronation)	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Lagður á handarbakið (dorsalt) yfir úlnlið


Heimildir: American Society of Hand Therapists. *Clinical Assessment Recommendations*. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992.



Rétthverfing



Ranghverfing


**ÚLNLÍÐUR**

Hreyfing	Upphafsstaða	Óhreyfanlegur ás	Hreyfanlegur ás
Rétta (extension) með beygða finger	Framhandleggur í ranghverfri (pronation) stöðu	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða geislabeini framhandlegg (radius)	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða V. miðhandarbeini (metacarpale V)
Rétta (extension) með beina finger þar til fingurnir byrja að beygjast			
Full rétta með beina finger			
Beygja (flexion)	Eins og að ofan	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða geislabeini framhandlegg (radius)	Lagður ölnarmegin (ulnart) samsíða V. miðhandarbeini (metacarpale V)
Ulnardeviation	Framhandleggur ranghverfur (pronation) með úlnlið í miðstöðu	Lagður á handarbak (dorsalt), samsíða miðlínu framhandleggs	Lagður samsíða miðlínu á III. miðhandarbein (metacarpale III)
Radialdeviation	Eins og að ofan	Eins og að ofan	Eins og að ofan

Beinn úlnliður = 0°. Skortur á fullri réttu (Extensions defekt) er gefið upp – (minus) X


Heimildir:

American Society of Hand Therapists. *Clinical Assessment Recommendations*. 2 ed. Chicago: The American Society of Hand Therapists, 1992.
Norkin, C.C., & White, D.J. *Measurement of Joint Motion*. Ed 2, Philadelphia: F.A. Davis, 1985.




Rétta með bogna finger

(Það vantar mynd sem sýnir réttu með beina finger þar til fingurnir byrja að beygjast, sjá mynd í rafrænum leiðbeiningum (interaktiv manual) á heimasíðu CPUP.



Full rétta með beina finger



Úlnliðsbeygja (flexion)




Ulnardeviation



Radialdeviation

Bls. 3 í prófhefti

MJAÐMIR



Mynd 1 Abduktion/ fráfarlsa mjaðma

Framkvæmt í baklegu með beinar mjaðmir og bogin hné. Viðmiðunarpunktur: Hreyfiás liðmælisins er lagður yfir efri fremri mjaðmarbeinsnibbu (SIAS; spina iliaca anterior superior) á þeirri hlið sem er mæld, óhreyfanlegi armur liðmælisins er settur á ímyndaða línu dregna milli beggja SIAS, hreyfanlegi armurinn fylgir lærleggnum (femur). Til að hindra snúning á mjaðmagrind eru báðar mjaðmir færðar út til hliðanna (í abduktion) (sjá mynd1).





Mynd 2. Fráfarlsa með bogna mjöðm

Fráfærsla (abduktion) mjaðma er hægt að meta á tvo mismunandi vegu:

1. Með beinar mjaðmir og bogin hné (sjá mynd 1). Þessa upphafsstöðu ber að nota þegar það er hægt, þessvegna er hún kölluð „skylda“ (obligatorisk).
2. Með beinar mjaðmir og hné. Þessa upphafsstöðu er hægt að nota þegar ekki er hægt að nota fyrrnefndu upphafsstöðuna eða þar sem sammælt hefur verið um að nota báðar matsaðferðirnar, og þessvegna er hún kölluð „fjálst val“.

Sé ekki hægt að nota aðra hvora upphafsstöðuna ber að fylla gildið í „skylduga mjaðma abduktion / fráfærslu“ og síðan setur maður „já“ þar sem stendur „Vikur frá staðlaðri upphafsstöðu“.


Inn og útsnúningur




Mjaðmasnúningur má meta á tvo vegu:



1. Í baklegu með bognar mjaðmir og beygð hné
2. Í magalegu með beinar mjaðmir og bogin hné.

Innsnúningur




Útsnúningur



Mjaðmabeygja**Mjaðmarétta****Mynd 3.**

Framkvæmt í baklegu, mjaðmagrind er skorðuð með því að rétta úr "hinum fætinum". Beygið fót um mjöðm og hné. Viðmiðunarpunktur: Hreyfiás liðmælisins er lagður yfir stærri lærhnútu (trochanter major), óhreyfanlegi armur liðmælisins fylgir bol samhliða hryggsúlu, hreyfanlegi armurinn fylgir lærleggnum (femur). (sjá mynd3).

HNÉ**Hnébeygjuhorn (Hamstrings horn/popliteal horn)****Mynd 4. Hnébeygjuhorn**


Framkvæmt í baklegu með þann fótlegg sem á að mæla í 90° mjaðmabeygju (flexion). Haldið hinum fótleggnum beinum á bekknum til að koma í veg fyrir hreyfingu á mjaðmagrind. Mælið horn hnésbótarinnar; beint hné = 180°. Viðmiðunarpunktur: Hreyfiás liðmælisins er á móts við hnéliðinn, óhreyfanlegi armurinn er látinn fylgja lærlegg (femur) með stefnu á stærri lærhnútu

Hnébeygja

Haldið hinum fótleggnum beinum á bekknum til að koma í veg fyrir hreyfingu á mjaðmagrind. Mælið horn hnésbótarinnar; beint hné = 180°. Viðmiðunarpunktur: Hreyfiás liðmælisins er á móts við hnéliðinn, óhreyfanlegi armurinn er látinn fylgja lærlegg (femur) með stefnu á stærri lærhnútu

(trochanter major), hreyfanlega arminum er haldið samsíða framhlið sköflungs (tibia) og stefnir á utanverða hnyðju (malleolus lat) (sjá mynd 4).

Hnérétta (extension)




Mynd 5.

Framkvæmt í baklegu með bein hné og mjaðmir. Það sem vantar upp á fulla réttu er gefið upp með mínus formerki.

Viðmiðunarpunktur: Hreyfiás liðmælisins er á móts við hnéliðinn, óhreyfanlegi armurinn er látinn fylgja lærlegg (femur) með stefnu á stærri lærhnútu (trochanter major), hreyfanlega arminum er haldið samsíða framhlið sköflungs (tibia) og stefnir á utanverða hnyðju (malleolus lat) (sjá mynd 5).

ÖKKLALIÐUR

Ökkla- Dorsalflexion í ökkla með annars vegar beint og hins vegar bogið hné



Mynd 6.

Með bogið hné: Framkvæmt í baklegu með 90°beygju í mjöðm og hné.

90° í ökkli = 0° Kreppa í ökkla (dorsalflexion) minni en 0 er gefin upp með neikvæðum formerkjum.

Viðmiðunarpunktur: Óhreyfanlega arminum er haldið samsíða framhlið sköflungs (tibia), frá latelral malleola að caput fibulae, hreyfanlegi armurinn fylgir utanverðu 5. framristarbeiini (lateral 5. metatarsi) (sjá mynd 6).

Með beint hné: Framkvæmt í baklegu með beina mjöðm og beint hné. 90° í ökkli = 0° Kreppa í ökkla (dorsalflexion) minni en 0 er gefin upp með neikvæðum formerkjum.

Viðmiðunarpunktur: Óhreyfanlega arminum er haldið samsíða framhlið sköflungs (tibia), hreyfanlegi armurinn fylgir utanverðu 5. framristarbeiini (lateral 5. metatarsi) (vantar mynd).

Bls.4 í prófhefti

Mat á óviljastýrðri vöðvaspennu samkvæmt breyttum Ashworth kvarða eftir Bohannon og Smith (1987)

- 0 Engin hækkun á vöðvaspennu.
- 1 Lítil hækkun á vöðvaspennu, kemur fram sem „grip og eftirgjöf” (catch-release) eða sem lágmarks mótstaða í lok hreyfiferlisins, þegar viðkomandi líkamshluti er settur í beygju (flexion) eða réttu (ekstension)
- +1 Lítil hækkun á vöðvaspennu, lýsir sér sem „grip” (catch) og í kjölfar þess lágmarks mótsstöðu það sem eftir er hreyfiferilsins (minna en helming hreyfiferilsins).
- 2 Greinilegri hækkun á vöðvaspennu í meirihluta hreyfiferilsins, en þó er enn auðvelt að hreyfa.
- 3 Umtalsverð hækkun á vöðvaspennu, erfitt að framkvæma passífar (óvirkar) hreyfingar.
- 4 Stírðleiki við beygju (flexion) eða réttu (extension) líkamshlutans.

Upphafsstöður við mat á vöðvaspennu.

Olnbogaflexorar – í baklegu (réttu úr beygðu olnboga og réttu svo úr honum, fylgist með spennu (tónus) þegar rétt er úr olnboga).

Aðfærsluvöðvar mjaðma (adduktorar) – í baklegu, með réttu í hnjám og mjöðmum (fótleggir eru færðir úr adduktion í abduktion, fylgist með vöðvaspennu þegar fótleggur er færður í abduktion).

Hnébeygiuvöðvar (flexorar) – í baklegu, með 90° beygju í mjöð (flexion) (fylgist með vöðvaspennu þegar rétt er úr hné (extension)).

Réttivöðvar ökkla (plantarflexorer) – í baklegu, með réttu í mjöðmum og hnjám (extension) (beygið og réttið um ökkla (frá plantarflexion í dorsalflexion) fylgist með vöðvaspennu þegar fóturinn dorsalflekterast (beygt um ökkla)).

Ef erfitt er að meta vöðvaspennu vegna verkja eða kreppa er það skráð í athugasemdir

Bolur

Mæling af bol vertikal og diagonalt með einstaklinginn í baklegu. Mælt með málbandi og lengdir skráðar í cm.

Viðmiðunarpunktur: efri miðlægur hluti processus coracoideus (grópin undir lateral hluta viðbeins, við caput humerus) og SIAS (spina iliaca anterior superior).



Bls.5 í prófhefti**PPAS, stöðustjórn í baklegu.**

Mat á getu til að viðhalda og breyta stöðu þ.e. að halda líkama uppréttum á móti þyngdarkrafti við stöðugar (statískar) og breytilegar (dynamískar) aðstæður, er metið á 7-stiga skala. Tvö neðstu stigin þ.e. **1 og 2** gefa til kynna að einstaklingurinn hafi næga möguleika sjálfur til að halda sér uppi. Skilin á milli 1 og 2 liggja við það hvort hægt er að rétta úr skekkjum í liggjandi stöðu (2) eða hvort um fastar kreppur er að ræða og því engu hægt að breyta (1). Stig **3-7** gefa til kynna að einstaklingur getur viðhaldið stöðu og breytt stöðu með eða án hjálpar.

Einstaklingur er beðinn um að liggja á bakinu og setjast upp aftur þ.e. að fara úr liggjandi í sitjandi stöðu. Geti hann það ekki er hann lagður í baklegu og leiðbeint í samræmi við hans vitsmuna- og hreyfigetu: að liggja í baklegu án stuðning, byrja á bolbeygju (reyna að lyfta höfði), flytja þungan til hliðar og fara í upprunalega stöðu þ.e. setjast upp

- 1=Ekki er hægt að rétta úr kreppum og leggja til í baklegu
- 2=Hægt er að rétta úr og leggja í baklegu, en þarf stuðning
- 3=Getur legið í baklegu án stuðnings en getur ekki hreyft sig
- 4=Getur byrjað flexion í bol (*heldur stöðugleika í bol til að lyfta höfði eða fótum*)
- 5=Getur flutt þunga til hliðar og aftur til baka í baklegu (*velta á hliðar*)
- 6=Getur flutt sig úr baklegu (*skipt um stöðu, t.d. velt sér á maga eða sest upp*)
- 7=Getur lagst niður í baklegu og sest upp aftur.

PPAS, líkamsstaða í baklegu (mat á samhverfu/ósamhverfu)

Einstaklingur er hvattur til að liggja í baklegu eins beinn og unnt er, síðan slaka á eða hvílast. Skráið **1=já** fyrir samhverfu, **0=nei** fyrir ósamhverfu (alls 0-6 stig fyrir hvern hluta).

Horft framan á:

- Er höfuð í miðlínu eða vikur það frá miðlínu eða hallar á nokkurn hátt?
- Er bolur samhverfur eða má sjá ósamhverfu í formi snúnings eða hliðrunar? Er sama fjarlægð frá öxlum að mjöðmum beggja vegna?
- Er mjaðmagrind í eðlilegri stöðu eða er hún snúin eða velt?
- Eru ganglimir aðskildir, samsíða og í eðlilegu samhengi við mjaðmagrind, eða er tilhneiging til að krossunar, “Windswept” eða snúnings?
- Hvíla handleggir meðfram síðum eða eru þeir spenntir og notaðir til að halda jafnvægi, stjórnast af reflexum, tónus eða ósjálfráðum hreyfingum?
- Er þyngdardreifing jöfn eða liggur annar hluti mjaðmagrindar þyngra en hinn?

Horft frá hlið:

- Er höfuð í miðlínu (lóðlínu) eða hallar það fram eða aftur?
- Er bolur í eðlilegri stöðu eða er tilhneiging til kyphosu eða fettu (extension) á hrygg.
- Er mjaðmagrind í eðlilegri stöðu eða er hún snúin/veltur fram á við eða afturábak?
- Eru ganglimir beinir, með réttu í mjöðmum og hnjám?
- Hvíla fætur í eðlilegri stöðu þ.e. í afslappaðir í léttri plantarflexion?
- Er þyngdardreifing jöfn?

Bls. 5 í prófhefti**PPAS, stöðustjórnun sitjandi á bekk**

Mat á getu til að viðhalda og breyta stöðu þ.e. að halda líkama uppréttum á móti þyngdarkrafti við stöðugar (statískar) og breytilegar (dynamískar) aðstæður er metið á 7-stiga skala. Tvö neðstu stigin þ.e. **1 og 2** gefa til kynna að einstaklingurinn hefur enga möguleika sjálfur til að halda sér uppi. Skilin á milli **1 og 2** liggja við það hvort hægt er að setja eintakling í sitjandi stöðu á bekk með

aðstoð (2) eða hvort hann getur alls ekki vegna kreppa setið á bekk (1). Stig **3-7** gefa til kynna að einstaklingur getur viðhaldið stöðu og breytt stöðu með eða án hjálpar.

Einstaklingur er beðinn um að setjast á bekk og standa síðan aftur upp. Geti einstaklingur þetta ekki er hann settur í stöðuna, og er leiðbeint út frá hreyfilegri og vitmunalegri getu til að sitja kyrr án stuðnings, halla sér fram og aftur innan undirstöðuflatarins, flytja þungann til hliðanna og fara aftur í miðstöðu, standa upp (þ.e. koma sér úr stöðunni).

- 1=Ekki er hægt að setja í sitjandi stöðu á bekk
- 2=Getur setið á bekk ef settur í stöðuna, en þarf stuðning
- 3=Getur setið á bekk án stuðnings en getur ekki hreyft sig
- 4=Getur aðeins hallað bol fram og aftur innan undirstöðuflatar
- 5=Getur flutt þunga til hliðar og aftur til baka í upprunalega stöðu (*flutt þungann frá annarri rasskinn á hina*)
- 6=Getur flutt sig úr sitjandi stöðu (*skipt um stöðu, t.d. að tekið þunga á fætur eða létt þyngd af bekk*)
- 7=Getur staðið upp úr sitjandi og sest niður aftur.

Bls. 6 í prófhefti

PPAS, líkamsstaða í sitjandi á bekk

Einstaklingur er beðinn um að sitja eins beinn og honum er unnt, en síðan slaka á. Veittu einstaklingunum þann stuðnings sem þarf til að geta setið. Skráið hvort einstaklingur er metinn sitjandi með eða án stuðnings. Ef ekki er hægt að hækka og lækka bekkinn, er æskilegt að setja pall undir fætur svo þeir fái stuðning í rétttri hæð. Einnig hægt að meta út frá mynd. Skráið **1=já** fyrir samhverfu, **0=nei** fyrir ósamhverfu.

Horft framan frá:

- Er höfuð í miðlínu eða vikur það frá miðlínu eða hallar á nokkurn hátt?
- Er bolur samhverfur eða má sjá ósamhverfu í formi snúnings eða hliðrunar? Er sama fjarlægð frá öxlum að mjöðmum beggja vegna?
- Er mjaðmagrind í eðlilegri stöðu eða er hún snúin eða velt?
- Eru ganglimir samsíða og í eðlilegu sambengi við mjaðmagrind, eða er tilhneiging til krossunar, “*Windswept*” eða snúnings?
- Hvíla handleggir meðfram síðum eða eru þeir spenntir og notaðir til að halda jafnvægi, stjórnast af reflexum, tónus eða ósjálfráðum hreyfingum?
- Er þyngdardreifing jöfn eða situr viðkomandi meira á öðrum hluta mjaðmagrindar þyngra en hinn?

Horft frá hlið:

- Er höfuð í miðlínu (lóðlínu) eða hallar það fram eða aftur ?
- Er bolur í eðlilegri stöðu eða er tilhneiging til kyphosu eða fettu (extension) á hrygg?
- Er mjaðmagrind í eðlilegri stöðu eða er hún snúin/velt fram á við eða afturábak?
- Eru báðar mjaðmir í beygju (ca. 90°)?
- Eru bæði hné bogin (ca.90°) ?
- Hvíla báðir fætur í eðlilegri stöðu með iljar í gólfi eða eru þeir uppi á tá eða með annars konar aflaganir ?

Bls. 6 í prófhefti

MAT Á HRYGG OG HRYGGSKEKKJU

Takið fram ef viðkomandi hefur farið í aðgerð vegna **hryggskekkju**. **Hafi viðkomandi farið í aðgerð er mat á hrygg og hryggskekkju ekki skylda.**

Fari fram mat á baki og hrygg skekkju- þarf að gefa upp í hvaða stöðu hryggurinn er metinn. **Notið fyrst og fremst sitjandi stöðu** fyrir leiðréttingu á hugsanlegum mjaðmagrindarhalla. Ef metið í standandi stöðu er mikilvægt að **leiðrétta fyrir mögulegum halla á mjaðmagrind vegna lengdarmuns ganglima eða kreppa í neðri útlimum**. Sé þetta heldur ekki hægt þarf að skoða viðkomandi í útafliggjandi stöðu.

Skráðu hvort viðkomandi sé með hrygg skekkju. Ef svarið er já, þarf að skrá eftirfarandi:


Stærð hrygg skekkjunnar (lítil, miðlungs eða áberandi/mikil) er gróft mat á stærð skekkjunnar og segir til um hvort fylgja eigi eftir með röntgenmyndatöku. Til að auðvelda fyrirgjöf hafa verið sett viðmið:

Væg hrygg skekkja: Hrygg skekkja sem eingöngu er merkjanleg við frambeygju og „fixeraða“ mjaðmagrind (engin skekkja á mjaðmagrind)

Miðlungs hrygg skekkja: Hrygg skekkja sem er augljós bæði við frambeygju og í uppréttri stöðu.

Mikil hrygg skekkja: Hrygg skekkja sem krefst hliðarstuðnings í langvarandi uppréttri sitjandi eða standandi stöðu.

Mat á því hvort hægt sé að rétta úr hrygg skekkju eða ekki er gerð í sitjandi stöðu eða magalegu. Reynið að rétta úr hryggnum með eigin höndum. Sé hægt að rétta úr hryggnum er merkt við að hægt sé að rétta úr hrygg skekkjunni. Stundum er hægt að rétta úr hluta hrygg skekkjunnar, en ekki hægt að rétta úr öllum hryggnum. Skráið þá að ekki sé hægt að rétta úr hrygg skekkjunni.



Hrygg skekkjan er nefnd eftir apex á skekkjunni. I Hægríkúpt (konvex) brjóst hrygg skekkja., II hægríkúpt brjóst-lendar hrygg skekkja, III vinstriúkúpt lendar hrygg skekkja, IV hægríkúpt brjóst og V vinstriúkúpt lendar hrygg skekkja. (Frá: *Danielsson och Willner: Einstaklingortopedi och skolioser. Studentlitteratur 1999, með leyfi höf.*)

Bls. 6

BOLBELTI – Á við um allar tegundir sérsníðaðra bolspelka

Skráið þá tegund bolspelku sem einstaklingurinn **notar**. Námundið notkunartímann að næsta heila tíma

Bls. 6

SITJANDI-algengasta staða: Merkja má við fleiri en einn möguleika, t.d. ef sérmót er notað í hjólastól eða vinnustól. Einungis er merkt við „**Situr ekki**“ þegar einstaklingur getur alls ekki setið, ekki heldur með hjálpartækjum. Skráið hve lengi einstaklingur situr.

Bls. 6**STANDANDI:**

“**Stendur með stuðningi**” nær yfir standandi stöðu með öllum mögulegum stuðningi t.d. hjálpaækjum, persónulegum stuðningi, veggjum, húsgögnum o.s.frv. “**Stendur án stuðnings**” nær yfir sjálfstæða standstöðu þ.e. án hvers kyns stuðnings (má styðja á eigin líkama, t.d. læri). Takið eftir að „Stendur án hjálpartækja” útilokar ekki að hægt sé að svara „**Notar standhjálpartæki**”. Þótt einstaklingur/ungmenni geti staðið án hjálpartækja er ekki sjálfgefið að hann eigi ekki einhver standhjálpartæki.

Námundið notkunartímann að næsta heila tíma. Tilbúnir bæklunarskór sem notaðir eru með standhjálpartæki eru ekki skráðir sem hjálpartæki. (Hægt er að skrá athugasemdir í stóra kassann á síðasta blað skráningar, sé þess óskað). Hægt er að skrá fleiri en eitt standhjálpartæki.

Bls. 7**PPAS, stöðustjórnun í standandi stöðu**

Mat á getu til að viðhalda og breyta stöðu þ.e. að halda líkama uppréttum á mótí þyngdarkrafti við stöðugar (*statískar*) og breytilegar (*dynamískar*) aðstæður er metið á 7-stiga skala. Tvö neðstu stigin þ.e. **1 og 2** gefa til kynna að einstaklingurinn hefur enga möguleika sjálfur til að halda sér uppi standandi. Skilin á milli **1 og 2** liggja við það hvort hægt er að setja eintakling í standandi stöðu með aðstoð (2) eða hvort alls ekki er hægt að setja viðkomandi í standandi stöðu vegna kreppa (1). Stig **3-7** gefa til kynna að einstaklingur getur viðhaldið stöðu og breytt stöðu með eða án hjálpar.

Einstaklingur er beðinn um að standa. Geti hann það ekki sjálfur er hann settur í standandi stöðu og er leiðbeint út frá hreyfilegri og vitmunalegri getu til að standa kyrr án stuðnings, halla sér fram og aftur innan undirstöðuflatarins, flytja þungann til hliðanna og fara aftur í upprunalega stöðu (miðstöðu), stíga skref áfram, ganga og stöðva.

1=Er ekki hægt að rétta úr og setja í standandi stöðu

2=Hægt er að rétta úr og setja í standandi stöðu með aðstoð

3=Getur staðið án stuðnings en getur ekki hreyft sig

4=Getur hallað sér fram og aftur innan undirstöðuflatar

5=Getur flutt þunga til hliðar og aftur til baka í upprunalega stöðu (*flutt þungann frá öðrum fæti yfir á hinn*)

6=Getur flutt sig til í standandi stöðu (*skipt um stöðu, t.d. fært annan fót fram fyrir hinn*)

7=Getur gengið og stöðvað og hreyft sig

Bls. 7**PPAS, ósamhverfa standandi**

Gefið upp hvort einstaklingurinn getur setið sjálfur eða þarf stuðning. Skráið **já** fyrir samhverfu, **nei** fyrir ósamhverfu.

Horft framan/aftan frá

- Er höfuð í miðlínu eða víkur það frá miðlínu eða hallar á nokkurn hátt?
- Er bolur samhverfur eða má sjá ósamhverfu í formi snúnings eða hliðrunar? Er sama fjarlægð frá öxlum að mjöðmum beggja vegna?
- Er mjaðmagrind í eðlilegri stöðu eða er hún snúin eða velt?

- eru fætur samsíða og í eðlilegu samhengi við mjaðmagrind, eða er tilhneiging til að krossa, „*Windswept*“ eða snúnings?
- eru handleggir í eðlilegri stöðu meðfram hliðum eða eru þeir spenntir og notaðir til að halda jafnvægi, stjórna af reflexum, tónus eða ósjálfráðum hreyfingum?
- er þyngdardreifing jöfn eða liggur annar hluti mjaðmagrindar þyngra en hinn?

Horft frá hlið:

- Er höfuð í miðlínu (lóðlínu) eða hallar það fram eða aftur?
- Er bolur í eðlilegri stöðu eða er tilhneiging til kyphosu eða fettu (extension) á hrygg?
- Er mjaðmagrind í eðlilegri stöðu eða er hún snúin fram á við eða afturábak?
- eru báðir fætur beinir með réttu í mjöðmum og hnjám?
- Hvíla báðir fætur í eðlilegri stöðu með iljar í gólfi eða eru aflaganir?
- Er þyngdardreifing jöfn á fótum eða er hún meira á tábergi eða hæl?

Bls. 7

Mat á fótum


Tilgreinið hvort einstaklingurinn geti tekið þunga á báða fætur. Allur þungaburður á báða fætur, með eða án stuðnings aðstoðarmanns, er leyfður. Þ.e.a.s. ekki er nauðsynlegt að taka þunga á allan fótinn. Takið fram hvort þungaburður sé eðlilegur á hægri og vinstri hæl, sé skakkur í varus- eða valgusstöðu. **Geti viðkomandi ekki tekið þunga á hælana er hlaupið yfir þennan hluta.**



Normal



Varus



Valgus

Bls. 8

Flutningur/milli stóla

Tilgreinið algengustu aðferð við að flytja sig við styttri flutniga (til og frá rúmi, á salerni)

Bls. 8

AÐ FARA UM Í STIGA: Takið eftir að spurningarnar „Kemst upp stiga“ ásamt „Kemst niður stiga“ ganga út frá því að einstaklingurinn geti þetta án aðstoðar. Svarið við þessum spurningum getur sem sagt verið „nei“, um leið og svarið við „Gengur í tröppum“ getur verið „með stuðningi frá aðstoðarmanni“. Þegar einstaklingurinn getur ekki gengið í stiga með /eða án aðstoðar á að setja „nei“ við spurningarnar: „Kemst niður stiga“ og „Kemst upp stiga“ og í spurningunum: „Gengur upp stiga“/ „Gengur niður stiga“ er skilað auðu.

Bls. 8

KVARÐI Á HREYFIFÆRNI (KH) – Functional mobility scale (FMS)

Hannað af Hugh Williamson Gait Laboratory, The Royal Children's Hospital, Melbourne, Australia, Part of the Gait CCRE.

KH er réttmætisprófaður fyrir aldurinn 4-18 ára KH á að flokka starfrænan flutning, þ.e. **hvernig einstaklingurinn hreyfir sig og hvernig hann fer um venjulega** á þremur mismunandi vegalengdum: 5m, 50m, 500m sem svara þá til heimilis eða innanhúss, í skólanum og í umhverfinu. Flokkunin gerir ráð fyrir að einstaklingurinn noti mismunandi ferilhjálpartæki við ólíkar aðstæður og leggur þar með áherslu á að **aðstæður skipta meira máli en vegalengdin**.

KH er mæling á frammistöðu. Það er mikilvægt að skrá það sem einstaklingið **gerir** á þeim tímapunkti sem matið á sér stað en ekki hvað það getur hugsanlega gert eða hefur áður getað gert.

KH kvarðann er hægt að nota til að flokka getu einstaklinga í að komast um milli staða, skrá breytingar á hreyfingu einstaklingsins yfir ákveðið tímabil og til að skrá breytingar í kjölfar íhlutana, til dæmis bæklunaraðgerða eða aðgerða á taugarótum.

Til að fá svör sem endurspeglar frammistöðu, skiptir máli hvernig spurningar eru lagðar fyrir einstakling/foreldra. Dæmi um spurningar sem nota má til að fá viðeigandi svör eru:

1. Hvernig fer einstaklingurinn um á styttri vegalengdum heima við? (5 m)
2. Hvernig fer einstaklingurinn um innan skólans til dæmis milli skólastofa? (50 m)
3. Hvernig fer einstaklingurinn um á lengri vegalengdum eins og í verslunarmiðstöð? (500 m)

Skráið starfrænan flutning **á öllum þessum þremur vegalengdum (5 m, 50 m, 500 m)** með tilliti til þarfa fyrir ferilhjálpartæki eins og hækjur, göngugrind eða hjólastól. Færnin er metin með stoðtækjum (spelkum) ef einstaklingið notar þeir allajafna.

„Aðstoðarmaður“ gildir hér sem líkamlegur stuðningur annarrar manneskju (af hverju þarf þetta?)

Veljið **eina** af eftirfarandi lýsingum sem **lýsir best** núverandi færni einstaklingsins við sérhverja vegalengd. Skráið hvað einstaklingið **GERIR** ekki hvað það getur! Gefið stig út frá raunverulegum aðstæðum einstaklingsins t.d. ef ekki eru tröppur í daglegu umhverfi einstaklingsins þarf einstaklingið ekki að geta gengið í stiga til að starfræn færni þess flokkist sem sjálfbjarga. Það nægir að einstaklingið sé fyllilega sjálfbjarga við þær aðstæður sem hann/hún **er oftast í**

N= á ekki við: T.d. ef einstaklingur kemst ekki ákveðna vegalengd (500m)

(Til útskýringar: Notað þegar einstaklingið er aldrei í þessum aðstæðum, t.d. fær ekki að fara í verslunarmiðstöð vegna lélegs almenns ástands.

N, er eingöngu notað um flutning í umhverfinu (500 m).

C = Skríður um: Einstaklingur fer um skríðandi heima (5 m).

(Til útskýringar: Á við líka innandyra í leikskólanum (50 m) fyrir yngri einstaklingar þ.e. að þeir fara um skríðandi (með víxlskriði eða ekki), héraskriði, skæruliðaskriði, rassskriði. C er aldrei notað um flutning í umhverfinu (500m)).

1 = Notar hjólastól: Getur e.t.v. staðið við flutning, jafnvel tekið nokkur skref með stuðningi aðstoðarmanns eða með aðstoð göngugrindar/stuðnings.

T.d.:

- Ekið um í hjólastól.
- Ekur sjálfur hjólastól.
- Ekið í kerru.
- Tekur skref með stuðning aðstoðarmanns.
- Notar göngugrind eins og Pony eða NF-walker (Þar sem hann í raun situr)
- Borinn á örmum einhvers.

2 = Notar göngugrind: Án stuðnings aðstoðarmanns. T.d.:

- Gengur með göngugrind.
- Gengur með framlæga (fyrir framan) göngugrind.
- Gengur með baklæga göngugrind.

3 = Notar hækjur: Án stuðnings aðstoðarmanns. T.d.:

- Gengur með eina hækju.
- Gengur með hækjur.
- Gengur með fjórfótastaf.
- Gengur með tvo fjórfótastafi.

4 = Notar stafi (einn eða tvo):

Án stuðnings aðstoðarmanns . T.d. :

- Gengur með einn staf.
- Gengur með stafi
- Gengur án hjálpar með því að styðja sig við vegg, húsgögn og þessháttar.
- Gengur með stuðning aðstoðarmanns; "heldur í hönd".

5 = Sjálfbjarga á jöfnu/slétu undirlagi:

Notar ekki hjálpartæki eða stuðning aðstoðarmanns*. Þarf að styðja sig við handrið í tröppum.

* Ef einstaklingið styður sig við húsgögn, vegg, girðingar eða búðarglugga skal gefa (4) til að lýsa færni

6 = Sjálfbjarga á mismunandi undirlagi:

Notar engin gönguhjálpartæki né hefur þörf fyrir aðstoð annarrar manneskju þegar það gengur á mismunandi undirlagi, þar með talið ójöfnu undirlagi, gangstéttarbrúnum og í margmenni.

Heimildir:

Graham HK, Harvey A, Rodda J, Nattrass GR, Pirpiris M. The Functional Mobility Scale (FMS). *J Pediatr Orthop*. 2004 Sep-Oct;24(5):514-20.

Harvey A, Graham HK, Baker R, Wolfe R. The functional mobility scale: responsiveness to change. *Abstract DMCN Suppl no 106, vol 48 September 2006*.

Harvey A, Graham HK, Morris ME, Baker R, Wolfe R. The Functional Mobility Scale: ability to detect change following single event multilevel surgery. *Dev Med Child Neurol*. 2007 Aug;49(8):603-7.

Harvey A, Robin J, Morris ME, Graham HK, Baker R. A systematic review of measures of activity limitation for children with cerebral palsy. *Dev Med Child Neurol*. 2008 Mar;50(3):190-8. Epub 2008 Jan 12.

Þýðing úr ensku á íslensku:

Guðbjörg Eggertsdóttir sjúkraþjálfari, Katrín Freyja Skúladóttir sjúkraþjálfari
Yfirlestur á íslensku þýðingunni: Áslaug Guðmundsdóttir sjúkraþjálfari, Sigrún Sóley Jökulsdóttir
Þýðing úr íslensku aftur yfir á ensku: Sigrún Jóhannsdóttir sjúkraþjálfari

Bls. 8

Ferðast um í hjólastól

Gefið upp algengasta fyrirkomulag á notkun hjólastóls innanhúsog utan. Merkið við þá möguleika sem eiga við einstaklinginn

Bls. 9

SÁRSAUKI

Tilgreinið hvort einstaklingurinn hefur verki og hver svarar spurningunum. Gefið einnig upp hve mikið verkir hafa áhrif á daglegt líf síðustu vikur og einnig hvort verkir hafa truflað svefn

Bls. 9

EDACS Klassifíkation av ät- och drickförmåga (fullständig manual på hemsidan)

Syftet med EDACS klassifíkationssystem för ät- och drickförmåga är att klassificera hur indi-vider med cerebral pares äter och dricker i sitt dagliga liv. EDACS ger ett systematiskt sätt att beskriva individens förmåga att äta och dricka utifrån fem olika nivåer baserade på **säkerhet** och **effektivitet**.

KLASSIFIKATIONSNI VÅER I KORTHET

EDACS I Äter och dricker säkert och effektivt.

EDACS II Äter och dricker säkert, men med vissa begränsningar i effektivitet.

EDACS III Äter och dricker med vissa begränsningar avseende säkerhet; det kan finnas begränsningar i effektivitet.

EDACS IV Äter och dricker med betydande begränsningar avseende säkerhet.

EDACS V Oförmögen att äta eller dricka säkert – son dmatning bör övervägas för närings-tillförsel.

GRAD AV STÖDBEHOV

En individs ät- och drickförmåga uttrycks som nivå I-V följt av en uppgift om vilken grad av assistans som behövs vid måltiderna.

Självständig (S)

Individen kan föra mat och dryck till sin egen mun utan någon assi-stans. Det betyder inte att individen klarar att bearbeta maten till den konsistens som krävs för ett säkert och/eller effektivt ätande och drick-ande. Inte heller att individen klarar av att sitta självständigt.


Kräver Assistans (KA)

Individen behöver hjälp med att föra mat eller dryck till munnen, an-tingen via en annan person eller genom att använda anpassad utrust-ning. Hjälp kan behövas för att lasta mat på skeden, placera mat i han-den eller guida individens hand till munnen, eller för att hålla muggen stadigt - detta genom att ge noggrann tillsyn eller verbala prompter.

Totalt Beroende (TB)

Individen är totalt beroende av någon annan för att föra mat eller dryck till munnen.

Exempel; en person som kan äta säkert men med vissa begränsningar avseende effektivitet och som behöver stöd i att lasta mat på skeden eller stabilisera muggen skulle tillhöra EDACS Nivå II Kräver Assistans (KA); en person som inte har en säker sväljning men klarar att föra mat och dryck till munnen tillhör EDACS Nivå V Självständig (S).



Bls. 10

SPELKUR – skilgreiningar á spelkuum

Gefið upp þær spelkur sem einstaklingur/ungmenni **notar**.

Námundið notkunartímamann að næsta heila tíma.

FO (innlegg)- á við um allar tegundir innleggja, sem ná frá ofanverðum hnyðjum (malleolum) fótansins að eða yfir framristarkjúkur (metatarsophalangeal liði) óháð efni. Markmiðið er að hafa áhrif á liðamótin fyrir ofan völuþénið (subtalar) og eða miðfótinn.

AFO (ökkla-fótar spelka)- Á við um allar spelkur sem ná (proximalt) yfir hnyðjur (malleolana) en neðan við hnélið, fjær (distalt) ná yfir fótinn. Markmiðið er að hafa áhrif á ökkla-liðinn og fjær (distalt). Enginn greinarmunur er gerður á hvort um sé að ræða spelkur með ökkla-lið eða án. Stífar, hreyfanlegar (dýnamískar) eða liðaðar spelkur teljast allar með.

KAFO (hné-ökkla-fótar spelka)- Á við um allar spelkur sem ná yfir hnéliðinn, nær (proximalt) allt upp að stærri lærhútu (trochanter major) og fjær (distalt) yfir fótinn. Stífar og



liðaðar spelkur teljast hvoru tveggja með. Markmiðið er að hafa áhrif á hnéliðinn og ökkliðinn.

KO (hné spelkur) - Á við um allar spelkur sem ná yfir hnéliðinn nær allt að stærri lærhnútu (trochanter major) og fjær að hnyðjum (malleolum). Markmiðið er að hafa áhrif á hnéliðinn

HO (Mjaðma spelkur)- Á við um allar spelkur sem ná yfir lærleggina. Markmiðið er að hafa áhrif á mjaðmaliðina.



Markmið með spelkum-

- að koma í veg fyrir kreppur
- að auðvelda færni

Notkunartími

Gefið upp notkunartíma spelkna sem notaðar eru til kreppuvarna.

Uppfyllir spelkan markmið sín? Merkið við já eða nei og númer spelkunnar.

Veldur spelka húðáreiti? Gefið upp númer spelku og svarið já eða nei

Annað

Dæmi um „annað“ getur verið; eftir skurðaðgerð, verkjastilling, varna ytri áverkum o.fl

Bls. 10

BEINBROT:

Á við allar tegundir brota á beinum (svarið „já“ eða „nei“).

Bls. 11

AÐGERÐIR, MEÐHÖNDLUN SEM MINNKAR SPASTISÍTET OG RAÐGIFSUN

Þar sem spurt er um hvort einstaklingurinn hafi farið í aðgerð frá síðustu skoðun má skrá allar aðgerðir (t.d. baclofendæla,sonda í gegnum maga (shunt) eða PEG)